

Laufey Helga Guðmundsdóttir

Til : Þórhallur Vilhjálmsson; Elisabeth Patriarca Kruger
Frá : Laufey Helga Guðmundsdóttir
CC : Kristín Edwald (kristin@lex.is)
Heiti : Samskipti landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar 26. september 2021.
Málsnúmer. : 2110006
Málsaðili : Alþingi
Efnisflokkur : Upplýsingar
Skjalategund : Innkomið skjal
Skráð dags : 26.10.2021
Skráningaraðili : Landskjörstjórn

Viðhengi

[Samskipti landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar 26. september 2021.doc](#)

Sæl Þórhallur og Elisabeth,

Á fundi með undirbúningskjörbréfanefnd 6. október sl. deildi landskjörstjórn vinnuskjali um tímalínu atburða 25. september-1. október 2021. Ekki var unnt að veita nákvæmar upplýsingar um hvenær landskjörstjórn kom þeirri ábendingu á framfæri við yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis að 2 atkvæðum munaði á atkvæðahlutfalli Viðreisnar í NV og SU og að það gæti haft áhrif á úthlutun jöfnunarsæta. Komu til greina tvö símtöl, annars vegar 11.27 og hins vegar 12.32 en erfitt var að átta sig á hvort ætti við, einkum miðað við tímasetningar í fundargerð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis þar sem fjallað er um að kl. 11.46 hafi oddviti komið á talningarstað og um það leyti hafi Kristín Edwald haft samband. Bent skal á að símayfirlit símafyrirtækja (a.m.k. Símans) sýna einungis hvaða númer er hringt í en ekki hvaða númer hringja í viðkomandi. Taldi landskjörstjórn því varlegast að rekja röð atburða um hádegisbil sunnudaginn 26. september án tímasetninga svo undirbúningskjörbréfanefnd yrðu veittar eins réttar upplýsingar og kostur var.

Í dag bárust upplýsingar um að oddviti yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi, Ingi Tryggvason, hefði veitt upplýsingar um að hann hefði hringt í formann landskjörstjórnar, Kristínu Edwald, kl. 12.38 sunnudaginn 26. september 2021 með fyrirspurn. Þessar upplýsingar vörpuðu skýrara ljósi á atburðarrásina því við munum eftir að fyrirspurnarsímtal Inga Tryggvason, þar sem hann spurði hvort nægilegt væri að yfirkjörstjórn gerði könnun á C-lista atkvæðum, var í beinu framhaldi af símtali landskjörstjórnar við oddvitann þar sem honum var bent á að mjótt væri á munum. Því er nú mögulegt að tilgreina nánar atburði í tímalínu samskipta sem landskjörstjórn átti við yfirkjörstjórnir sunnudaginn 26. september 2021, sjá hjálagt vinnuskjal.

Bestu kveðjur,
Laufey

Laufey Helga Guðmundsdóttir
 Lögfræðingur og ritari landskjörstjórnar
 Skrifstofa Alþingis, lagaskrifstofa
 sími 563-0926 / 860-2253
www.althingi.is

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið

bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.

[Fyrirvari/Disclaimer](#)

Samskipti landskjörstjórna og yfirkjörstjórna 26. september 2021**Sunnudagur 26. september 2021****Kl. 08:54**

Fyrri hluti kosningaskýrslu berst ritara landskjörstjórnar frá Suðvesturkjördæmi í tölvupósti.

Kl. 11:27

Ritari landskjörstjórnar hringir í oddvita yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi til að láta vita að ekki hafi borist kosningaskýrsla frá kjördæminu (staðfest skv. símayfirliti ritara landskjörstjórnar, símtal 1 mín. og 1 sek.).

Kl. 11:31

Ritari landskjörstjórnar hringir í oddvita yfirkjörstjórnar í Suðurkjördæmi til að láta vita að ekki hafi borist kosningaskýrsla frá kjördæminu. Oddviti lætur vita að sjö atkvæðum hafi munað á tveimur framboðslistum í kjördæminu (staðfest skv. símayfirliti ritara landskjörstjórnar, símtal 2 mín. og 58. sek.).

Kl. 11:45

Fyrri hluti kosningaskýrslu berst ritara landskjörstjórnar frá Suðurkjördæmi í tölvupósti.

Kl. 12:03

Fyrri hluti kosningaskýrslna berast ritara landskjörstjórnar frá Reykjavíkurrkjördæmum norður og suður í tölvupósti.

Kl. 12:32

Símtal formanns, ritara og stærðfræðings við oddvita yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis (á hátalara) til að koma á framfæri ábendingu um að 2 atkvæðum munar á atkvæðahlutfalli Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi og Suðurkjördæmi, samkvæmt uppgefnum tölum yfirkjörstjórna til fjölmiðla, og að það gæti haft áhrif á úthlutun jöfnunarsæta (staðfest skv. símayfirliti formanns landskjörstjórnar, símtal 2 mín. og 2 sek.).

Kl. 12:38

Símtal oddvita yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis til formanns, ritara og stærðfræðings landskjörstjórnar (á hátalara) þar sem spurt er hvort nægilegt sé að yfirkjörstjórn kanni atkvæði C-lista (staðfest skv. símayfirliti oddvita yfirkjörstjórnar 2 mín. og 55 sek.).

Kl. 12:41

Símtal formanns, ritara og stærðfræðings landskjörstjórnar við oddvita yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis (á hátalara) til að koma á framfæri ábendingu um að 2 atkvæðum munar á atkvæðahlutfalli Viðreisnar í Norðvesturkjördæmi og Suðurkjördæmi, samkvæmt uppgefnum tölum yfirkjörstjórna til fjölmiðla, og gæti það haft áhrif á úthlutun jöfnunarsæta (staðfest skv. símayfirliti formanns landskjörstjórnar, símtal 9 mín. og 26 sek.).

Kl. 13:30

Fundur landskjörstjórnar, sjá fundargerð 21. fundar.

Kl. 13:47

Símtal formanns landskjörstjórnar við Inga Tryggvason til að koma á framfæri ábendingu um að gæta þess að yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis upplýsi og boði umboðsmenn framboðslista.

Kl. 14:10

Fyrri hluti kosningaskýrslu berst ritara landskjörstjórnar frá Norðausturkjördæmi í tölvupósti.

Kl. 17:47

Skýrsla til Hagstofu Íslands og talningareyðublað berst ritara landskjörstjórnar frá Norðvesturkjördæmi í tölvupósti.